

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/1504

2024/EES/34/21

frá 7. október 2020

um breytingu á tilskipun 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hópfjármögnun er fjártæknilausn sem veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum, einkum sprota- og vaxtarfyrirtækjum, annað aðgengi að fjármagni í því skyni að efla nýsköpunarstarf í Evrópusambandinu og styrkja með því samband fjármagnsmarkaða. Hún stuðlar einnig að fjölbreyttara fjármálakerfi sem er síður háð bankafjármögnun og takmarkar því kerfisáhættu og samþjöppunaráhættu. Aðrir kostir þess að efla nýsköpunarstarf með hópfjármögnun eru að óvirkt fjármagn losnar til fjárfestinga í nýjum verkefnum og nýsköpun, skilvirkri ráðstöfun fjármagns er flýtt og eignir verða fjölbreyttari.
- 2) Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 ⁽³⁾ mæla fyrir um samræmdar og hóflegar kröfur varðandi veitingu hópfjármögnunarþjónustu, skipulag, stafrænni veitingu og eftirlit með þjónustuveitendum hópfjármögnunar, sem og gagnsæi og markaðsefni í tengslum við veitingu hópfjármögnunarþjónustu í Sambandinu, sem skulu taka gildi án frekari lögfestingar.
- 3) Í þágu réttarvissu um hvaða aðilar og starfsemi falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2020/1503 og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/EU ⁽⁴⁾, eftir því sem við á, og til að koma í veg fyrir aðstæður þar sem sama starfsemi fellur undir mörg starfsleyfi í Sambandinu ætti að undanskilja lögaðila sem hafa starfsleyfi til að starfa sem þjónustuveitendur hópfjármögnunar samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/1503 frá gildissviði tilskipunar 2014/65/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 20.10.2020, bls. 50. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 367, 10.10. 2018, bls. 65.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 27. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 20. júlí 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 5. október 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 frá 7. október 2020 um evrópska þjónustuveitendur hópfjármögnunar fyrir fyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 og tilskipun (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 347, 20.10.2020, bls. 1).

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

- 4) Þar sem breytingin sem kveðið er á um í þessari tilskipun hefur beina tengingu við reglugerð (ESB) 2020/1503 ætti að fresta beitingu aðildarríkjanna á landsráðstöfunum sem lögleiða þessa tilskipun í því skyni að samræma hana við framkvæmdardaginn sem er settur í þeirri reglugerð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/65/ESB:

- „p) þjónustuveitendur hóp fjármögnunar eins og þeir eru skilgreindir í e-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB). 2020/1503 (*).

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 frá 7. október 2020 um evrópska þjónustuveitendur hóp fjármögnunar fyrir fyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 og tilskipun (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 347, 20.10.2020, bls. 1).“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 10. maí 2021, samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að hlíta 1. gr. þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 10. nóvember 2021.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. október 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D.M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. ROTH

forseti.